



LANDSSAMTÖKIN  
HEIMILI OG SKÓLI

Reykjavík, 09.04.1997

*Alþingi*

Menntamálanefnd Alþingis  
Sigríður Anna Þórðardóttir formaður

*Erindi nr. Þ 121/1525*

*komudagur // 14 1997*

**Varðar: Þingsályktun um stöðu dreugja í grunnskólum. 307. mál**

Samtökin Heimili og skóli þakka fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um þessa ályktun og fagna rannsóknum og athugunar á skólastarfi sem leitt geta til aukins skilnings á aðstæðum barna í skólum og umbóta á því sviði. Stjórn samtakanna veitir eftirfarandi umsögn:

Í gegnum starfsemi Heimilis og skóla, m.a. símaþjónustu fyrir foreldra (yfir 1200 hringingar til samtakanna sl. 15 mánuði), finnum við ótvítrætt fyrir hinum sértæka vanda dreugja og tókum undir það sem segir í greinargerð flutningsmanna tillögunnar.

Eins og fram kemur í greinargerðinni eru konur í meirihluta kennarastéttarinnar og vinnubrögð og áherslur í grunnskóla taka á efa mið af þeim raunveruleika. Ein leið til að fjölga fyrirmyndum af karlkyni sem hafa vægi í lífi dreugja gæti einfaldlega verið sú að gera kennarastarfið eftirsóknarverðara m.a. með því að hækka laun svo að karlmenn fái til að starfa í skólum.

Þótt stúlkurnar virðist standa sig betur a.m.k. á samræmdum prófum er ekki þar með sagt að staða þeirra sé heldur svo ákjósanleg. Þar sem tími kennarans fer yfirleitt meira í að reyna að tjónka við dreungina sitja stúlkurnar hjá og bíða, þær berjast yfirleitt ekki fyrir rétti sínum til athygli og festast ef til vill þannig í mynstri sem veikir stöðu þeirra þegar fram í sækir. Því er nauðsynlegt að kanna jafnframt hvaða áhrif vandi dreugjanna, eins og hann birtist í skólafunni, hefur á möguleika stúlkna til þroska og vaxtar.

Við leyfum okkur jafnframt að vekja athygli á því sem ekki er minnst á í greinargerðinni og lýtur að þroskafrávikum/taugasjúkdómum eins og ofvirkni, misþroska, athyglisbresti og Tourette-syndrom. Slík fötlun er tvöfalt algengari meðal dreugja en stúlkna. Gera má ráð fyrir að eitt barn í hverjum bekk eigi við truflanir af þessu tagi að stríða. Til að greina þessa sjúkdóma og finna úrræði fyrir nemendur þarf taugasálfræðilegar aðferðir. Atferisfræðilegar aðferðir skólasálfræðinga virðast oft gera meira ógagn en gagn hjá börnum með þessi einkenni. Til að bæta stöðu dreugja í grunnskólum þarf að nota oftari þekkingu taugasálfræðinnar til að meta stöðu dreugja með hegðunavandamál og til að finna úrlausnir á vanda þeirra í námi og félagslífi.

Ekki er heldur hægt að líta fram hjá því að vanda dreugja í skólum hlýtur að einhverju leyti að þurfa að skoða í samhengi við aðstæður fjölskyldunnar. Vilji menn í raun og veru gera eitthvað róttækt til að bæta hag barna á Íslandi þarf að huga að kjörum almennings og vinnuálagi foreldra. Vanlíðan dreugja er án efa ein afleiðing af þeim neikvæðu lífsskilyrðum sem of margar íslenskar fjölskyldur búa við.

Virðingarfyllt  
Fyrir hönd stjórnar Heimilis og skóla

*Unnur Halldórsdóttir*  
Unnur Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri